

tíma, að meginhluta til gengistryggð í dollurum.

Í þriðja lagi eru afskriftir og vextir í þessum rekstri hjá kaupfélögunum reiknuð samkvæmt gildandi skattalögum á hverjum tíma.

Í fjórða lagi verður stöðugt að leggja fjármuni í það að endurnýja tæki og búnað vegna aukinna og eðlilegra krafna jafnt innlendra sem erlendra kaupenda. Mikil veruþróun hefur átt sér stað í landbúnaðarvörunum og stanslaust er leitast við að bæta þjónustuna við neytendur. Þetta er forsenda þess að hægt sé að markaðssetja vörurnar með nútímahætti.

Séu fjármunir ekki ætlaðir til þessara hluta getur afleiðingin aldrei orðið nema ein. Smám saman myndi allri þjónustu í þessari mikilvægu neysluvöru þjóðarinnar hraka og endirinn gæti orðið alger stöðnun í þessum rekstri. Ekki gæti slíkt heitið að gæta hagsmuna framleiðenda.

nefnir eignakostnað hjá Kaupfélagi Borgfirðinga og telur hann háan. Hér á hann væntanlega við það sem venja er að kalla fjármagnskostnað og felur í sér afskriftir og vexti. Um það segir greinarhöfundur: „Það er hins vegar ekki venja að menn greiði fyrir afskriftir af eigin eignum."

Þessi fullyrðing hans er hrein fásinna í þessu tilviki, þ.e. þegar um fyrirtæki er að ræða. Í þessu sambandi má nefna nokkur atriði.

Í fyrsta lagi er uppfærsla eigna og skulda regla og í verðbólguþjóðfélagi vita allir að þar er um háar upphæðir að ræða.

Í öðru lagi voru lán, sem veitt voru til uppbyggingar sláturhúsanna á sínum


Mér þótti rétt að láta ofangreindar athugasemdir koma fram hér á prenti, þar sem vegið var beint að sláturhúsarekstri kaupfélaganna. Jafnframt tek ég fram að þessari umræðu er hér með lokið af minni hálfu, enda ætla ég þessari grein fyrst og fremst að vera til upplýsingar og leiðréttingar fyrir þá sem vilja hafa það sem sannara reynist í hverju máli.

Aftur á móti er skörin heldur farin að færast upp á bekkinn þegar skammirnar eru komnar inn á síður fjöllesins dagblaðs og þar vegið að samvinnuhreyfingunni. Þá er mál til andsvara.

Hlín Pétursdóttir Behrens:

Að vinna í frystihúsi

– hvað má bæta?



■ Vandi sjávarútvegs og fiskiðnaðar er umræðuefni allra tíma, enda er hann undirstaða efnahagslífs okkar.

Ýmsir benda á leiðir til úrbóta og sýnist sitt hverjum. Á sumrin berst mikill og verðmætur afli að landi til vinnslu, þá er brýnt að starfsfólk frystihúsanna leggi sitt af mörkum svo hið góða hráefni lendi í hæsta gæðaflokki og sem mestur gjaldeyrir fáist í þjóðarbúið. Menn hafa kvartað og barmað sér yfir því í fjölmiðlum að nýting þessa góða hráefnis sé ekki sem skyldi því að megin starfskraftur frystihúsanna á sumrin sé skólafólk sem kunni misjafnlega til verka og því sé nýting hráefnisins slæm.

– Oft hefur skólafólk hlaupið undir bagga í sjávarplássum ef vantað hefur starfskraft til vinnslu sjávarafla þegar aflahrotur ber að landi. Þá eru menn fegnir að grípa til krakkanna. Þeim er gefið skólaleyfi og enginn nefnir að þau kunni ekki til verka.

Forráðamenn frystihúsanna ættu að sjá sóma sinn í því að veita unga fólkinu þá **fræðslu, vinnuaðstöðu** og **umönnun** sem þau þurfa svo að allir megi vel við una. Þá yrði nýting aflans betri, fólk fengi hærri laun og vara frystihúsanna kæmist í hærri gæðaflokk.

– Það er klárt mál að „bónusdrottningar" frystihúsanna bera hag fiskvinnslunnar fyrir brjósti og að það skiptir þær máli hvort hráefnið er gott eða vont. Það verður að innræta skólafólkinu sama hugsunarhátt svo það beri virðingu fyrir því sem það er að gera, en finnist það ekki vera eins og tannhjól í verksmiðju, heldur sé meðvitað um allan framleiðsluferilinn og skynji mikilvægi þess sem það er að gera.

– Það verður að breyta ímynd alls fiskiðnaðarins. Á meðan launin eru lág og álitið er þannig útá við að fólk segir „Ég vinn nú bara í frystihúsinu í sumar", breytist ekkert.

– Kennsla (nýliða) í frystihúsum verður að vera samræmd. Fyrirkomulagið má ekki vera þannig að nýliðinn komi, fái hníf í hönd og sé kennt hvernig hann eigi nú að fara með þetta flak og svo ekki sögguna meir þangað til að næsta lið er komið. Það verður að útskýra allt í samhengi. Hver var með fiskinn áður en maður fær hann í hendurnar og (hver tekur við honum). Fólk á ekki að þurfa að spyrja um þetta eða frétta þessa hluti á kaffistofunni.

Forráðamenn frystihúsanna ættu að sjá sóma sinn í því að veita unga fólkinu þá fræðslu, vinnuaðstöðu og umönnun sem þau þurfa svo að allir megi vel við una. Þá yrði nýting aflans betri, fólk fengi hærri laun og vara frystihúsanna kæmist í hærri gæðaflokk.

– Til að starfsmenn fái virðingu fyrir hráefninu verður að útskýra fyrir þeim verðmæti hverrar fisktegundar og verðgildi pakkninganna þegar út á markaðinn er komið.

– Bónusútreikningurinn og launakerfið þarf að vera þannig að það borgi sig að vanda sig fremur en að flýta sér um of.

Með góðri fræðslu í upphafi starfsferils skólafólksins geta verkstjórar og fiskeftirlitsmenn sparað sér sporin og skammirnar.

– Það hlýtur að borga sig að taka á vandanum í smærri einingum. Kíkja inn í fiskvinnslusalina og vita hvað er að gerast. Athuga hvernig gæði framleiðslunnar hafa verið undanfarna mánuði og hvað hefur verið gert til að bæta þau.

Lokaorð

Að lokum vil ég taka það fram að ég vann um skeið í frystihúsi í sumar, og hafði gaman af. Af tilviljun rakst ég þar á bækling nokkurn, mjög vandaðan, gefinn út af sjávarútvegsráðuneytinu, handa starfsfólki frystihúsa. Hann gaf mér svör við flestum mínum spurningum og þyrfti að athuga betur hvernig dreifingu hans er háttað.

Keldnakoti 19. okt. 1985
Hlín Pétursdóttir Behrens



NT Í TÍMA OG ÓTÍMA

um tímamótum að ungum listfræðingum hefði verið fengið það verkefni að rannsaka listamannsferil Jóhannesar Kjarvals og meta æviverk hans á mælistiku nýrrar kynslóðar, sem líklegt er að standi á þeirri sjónarhæð og með þá fjarvídd fyrir augum, sem eitt gerir það fært að mæla stærðir í mannkynssögunni og meta afrek einstakra manna og bera verk þeirra saman við það sem aðrir voru að gera á sama tíma. Skrif um Kjarval þurfa að komast af því stigi að vera minningaglefsur um einkennilegan mann upp á það að vera sagnfræði, helguð miklum listamanni og hugsuði.

Nóg komið af tröllasögum

Jóhannes Kjarval var að vísu sérstæður maður, og svo skrýtinn og tiltektasamur, að hann varð að þjóðsagnapersónu í lifanda lífi. En Íslendingar eiga slíkt afbragðssafn af kynlegum kvistum, æru-tobbum, drykkfelldum prestum, áflogagjörnum sýslumönnum, útilegumönnum og hálf-tröllum, að ekki sæi högg á vatni þótt orðstír Kjarvals fengi að lifa í listaverkum hans og spaklegum ritsmíðum en ekki tröllasögum, sem tengjast viðskiptum hans við embættismannaaðal og kaupsýslustétt Reykjavíkur og aðra „vildarvini" hans gegnum árin.

1000 ár

Jóhannes Sveinsson Kjarval var ósvikinn forn-Íslendingur í eðli, útliti, hugsun og háttum, íslenskur sveitamaður, sem að vísu sigldi út í heim, og svo óreykvískur sem nokkur hvítur maður getur orðið. **Síst af öllu** var hann **reykvískur** listamaður. Það var hrein hending ef hann lagði það á sig að mála svo mikið sem húsgafl í höfuðborginni og veigraði sér yfirleitt við því að draga upp myndir af andlitum reykvíska góðborgara, sem gert hafa sér svo títt um manninn. Hann var málari íslenskrar sveitanáttúru og fann sér myndefni í ásjónu og svip sveitafólksins eins og það var á fyrri hluta þessarar aldar og hafði verið í svo sem eitt þúsund ár, og geta menn reynt að skynja hvað það er langur tími. Í augum Kjarvals höfðu 1000 ár áreiðanlega djúpstæða merkingu.

Síðasti sveitamaðurinn

Afmælishátíð Kjarvals er einkafyrirtæki Reykvíkinga og allt sem um hann er sagt á þessum tímamótum. Engin tilraun er gerð til þess að gefa alþýðu landsbyggðarinnar tækifæri til þess að taka þátt í þeirri viðhöfn, sem nú er sett á svið í minningu eins hins magnaðasta sveitamanns, sem uppi hefur verið á Íslandi, reyndar **síðasta sveitamannsins** í vissum skilningi – því síðan hann leið hafa íslenskir listamenn sagt skilið við sveitina, hún er drungaleg fortíð, fátækt, fásinna, merkingarlaus þúsund ár og „saga blot".

Gestur í Vík